



## UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### PÝÐING AÐILDAR RÚSSLANDS

### AÐ ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNINNI (WTO) FYRIR ÍSLAND

Aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) var samþykkt á ráðherrafundi aðildarríkjanna í Genf í Sviss dagana 15.-17. desember sl. Rússland verður fullgildur aðili að WTO þrjátíu dögum eftir að aðildarsamningurinn hefur verið fullgiltur þar í landi, eða í síðasta lagi 15. júlí nk. Innganga Rússa er markvert skref fyrir alþjóðaviðskipti. Rússland er síðasta stóra hagkerfið sem enn stendur fyrir utan WTO en við aðild munu um 97% heimsviðskiptanna heyra undir reglur stofnunarinnar. Aðildin mun einnig hafa margvísleg jákvæð áhrif á tvíhliða viðskipti Íslands og Rússlands sem hér skulu tíunduð.

EFTA-ríkin eiga nú í fríverslunarviðræðum við Rússland og þegar þeim lýkur mun rússneski markaðurinn opnast enn frekar fyrir íslenskar útflutningsvörur.

#### Áhrif aðildar Rússlands að WTO

Við aðild að WTO undirgengst Rússland víðtækt regluverk stofnunarinnar. Reglurnar setja m.a. vissar skorður við álagningu tolla, notkun ríkisstyrkja og tæknilegra viðskiptahindrana auk þess sem stuðlað er að vernd hugverka. Jafnræðisregla og gagnsæi eru grunnreglur sem koma í veg fyrir að ríkjum og fyrirtækjum sé mismunað að geðþótta. Aðildarríki skal veita öllum öðrum aðildarríkjum sama markaðsaðgang fyrir vöru og þjónustu (svonefnd bestu-kjara regla), enda þótt ríkjum sé jafnframt heimilt að gera fríverslunarsamninga sín í milli sem veiti betri aðgang. Síðast en ekki síst geta aðildarríkin leitað úrlausnar WTO á viðskiptadeilum og fengið niðurstöðu sem er bindandi fyrir aðila máls. Með því er stuðlað að aðhaldi og festu á viðskiptasviðinu þar sem allar þjóðir sitja við sama borð og alþjóðareglur gilda í stað aflsmunar. Það er afar mikilvægt fyrir ríki eins og Ísland.

#### Vöruviðskipti

Við aðild Rússlands að WTO bindur ríkið tolla við innflutning til landsins en í dag geta stjórnvöld í landinu hækkað tolla að vild. Leyfilegir tollar verða tilgreindir í skuldbindingaskrá Rússlands. Í tengslum við aðildarviðræður Rússlands, gafst Íslandi og öðrum aðildarríkjum WTO tækifæri til að gera tvíhliða samkomulög við Rússland til að tryggja lægri hámarkstolla en ella á mikilvægum útflutningsvörum í lokaskuldbindingum Rússlands. Vegna þessa munu bundnir hámarkstollar verða það lágir að tollar á margar vörur lækka verulega frá því sem er í dag, oft eftir stutt aðlögunartímabil.

Aðild Rússlands að WTO hefur margvísleg jákvæð áhrif á tolla í viðskiptum Íslands og Rússlands. Svo dæmi séu tekin þá lækka tollar á ýmsar sjávarafurðir um 70%. Tollur á heilfrystum makríl lækkar úr 10% í 3%, tollur á heilfrystum karfa úr 10% í 6% og tollar á heilfrystri síld, frystum síldarflökum og samflökum úr 10% í 3%. Þetta eru mikilvægustu útflutningsvörur Íslands til Rússlands í dag. Tollar á aðrar sjávarafurðir munu í flestum tilfellum verða á bilinu 3-8%. Rússar fá tvö til fjögur ár til að framkvæma þessar tollalækkunarir.

Hvað iðnaðarvörur varðar þá lækkar t.d. tollur á fiskikerum úr 20% í 6,5%. Ennfremur mun Rússland skuldbinda sig til þess að lækka tolla á lyfjum, sem nú eru almennt á bilinu 10-15%, í 3-6,5%, á tveggja til fjögurra ára aðlögunartíma. Tollar á mörgum öðrum iðnaðarvörum lækka einnig verulega.

Landbúnaðarvörur fara ekki varhluta af tollalækkunum en t.d. munu tollar á lambakjöti lækka um 40% (úr 25% í 15% að loknum aðlögunartíma).

Í viðauka má finna frekari upplýsingar um lækkanir tolla til Rússlands, þegar aðild landsins að WTO tekur gildi.

## *Þjónustuviðskipti*

Hvað varðar þjónustuviðskipti mun Rússland við aðild að WTO taka á sig skuldbindingar um markaðsaðgang m.a. á sviði viðskiptaþjónustu (t.d. verkfræðiþjónustu) fjarskiptaþjónustu, byggingarþjónustu, umhverfisþjónustu, fjármálaþjónustu, ferðaþjónustu, sjóflutninga o.fl. skv. sérstakri skuldbindingaskrá Rússlands á sviði þjónustuviðskipta. Með því er aðildarríkjum WTO, m.a. Íslandi, tryggður markaðsaðgangur til Rússlands á þeim sviðum þjónustuviðskipta sem skuldbindingaskráin nær yfir. Auk þess verða rússnesk lög um þjónustuviðskipti að uppfylla reglur WTO. Hvoru tveggja veitir þjónustuveitendum aukið réttaröryggi á rússneska markaðnum.

## *Annað*

Aðild Rússlands að WTO mun hafa frekari jákvæði áhrif en hvað varðar markaðsaðgang fyrir vörur og þjónustu. Til dæmis má nefna að Rússland gengst undir samning WTO um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Samningnum er ætlað að torvela að heilbrigðisreglum sé beitt sem duldum viðskiptahindrunum en slíkt er mikilvægt hagsmunamál fyrir útflutningsríki á matvælum eins og Ísland. Þá mun aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnunni auðvelda fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna við tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan. Í þeim viðræðum mun gefast tækifæri til að semja um niðurfellingu tolla á helstu útflutningsafurðir Íslands en eins og rakið hefur verið þýðir aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni lækun þessara tolla en ekki niðurfellingu.

Frekari upplýsingar um aðild Rússlands að WTO má nálgast á vef stofnunarinnar á slóðinni:

[http://www.wto.org/english/news\\_e/news11\\_e/a\\_cc\\_rus\\_10nov11\\_e.htm](http://www.wto.org/english/news_e/news11_e/a_cc_rus_10nov11_e.htm)

## **Viðskipti Íslands og Rússlands**

Viðskipti Íslands og Rússlands byggja á gömlum merg en Ísland hefur einkum flutt út sjávarafurðir til Rússlands. Heildarútflutningur til Rússlands nam um 11.6 milljörðum króna árið 2010, sem var talsverð aukning frá árunum 2008 og 2009, þegar þessi

viðskipti námu rétt rúmlega 6 milljörðum bæði árin. Helsta skýringin á þessari aukningu er stóraukinn útflutningur á makríl, sem nú er orðinn helsta útflutningsvara Íslands til Rússlands. Árið 2008 nam útflutningur á makríl 439 milljónum króna en hann nam tæpum 10 milljörðum fyrstu 10 mánuði ársins 2011. Auk makríls hefur á síðustu árum einkum verið flutt út síld og karfi til Rússlands. Útflutningur á síld hefur verið nokkuð breytilegur á milli ára en nam 2,25 milljörðum króna árið 2010. Útflutningsverðmæti karfa árið 2010 var um einn milljarður króna. Útflutningsverðmæti annarra sjávarafurða hefur verið talsvert minna, enda þótt mikið hafi m.a. verið flutt út af loðnuhrognum og kolmunna.

Mun meiri sveiflur hafa verið í útflutningi á iðnaðarvörum til Rússlands. Árið 2008 nam útflutningur á iðnaðarvörum um 2 milljörðum króna, og munaði þar mestu um útflutning á lyfjum fyrir um 660 milljónir, á rafeindavogum fyrir um 190 milljónir króna og vélum til matvælaframleiðslu um 180 milljónir. Útflutningur á iðnaðarvörum dróst verulega saman árið 2009 og nam þá aðeins um milljarði, en rétt tæplega helmingur þess útflutnings voru vélar til matvælaframleiðslu. Útflutningur á iðnaðarvörum dróst enn saman árið 2010 og nam þá aðeins um 880 milljónum króna. Þess ber að geta að inn í útflutningstölum til Rússlands er m.a. margvíslegur varningur seldur til fiskiskipa, einkum eldsneyti en einnig veiðarfæri.

Viðskipti Íslands við Rússland námu um 2.1% af heildarútflutningi Íslands árið 2010, sem er nokkur aukning frá árunum 2008 og 2009, en þá námu viðskiptin við Rússlands aðeins um 1.2-1.3% af heildarútflutningi Íslands. Skýrist aukningin á útflutningi á makríl en Rússland er orðinn mikilvægasti markaðurinn fyrir útflutning á makríl.

Hvað varðar þjónustuviðskipti nam útflutningur frá Íslandi til Rússlands árið 2009 4.245,4 milljónum króna og innflutningur 460,8 milljónum króna og árið 2008 nam útflutningur 5,452,5 milljónum króna og innflutningur 777,7 milljónum króna.

*Viðskiptasvið utanríkisráðuneytisins  
janúar 2012*